Kennsluleiðbeiningar

„Skólabragur“

Öll börn eiga rétt á öruggu umhverfi og góðum skólabrag sem styður við nám þeirra og stuðlar að heilbrigði og vellíðan. Þessi kafli fjallar um skólabrag, einelti og hvernig nemendur sem eiga erfitt í skólanum geta leitað hjálpar. Efnið er samið með það í huga að kennari stýri vinnunni.

Áður en þú byrjar – góð ráð.

Aðstæður í nemendahópnum

Farðu yfir allt efnið áður en þú notar það í kennslu, gjarnan með samkennara. Kortleggðu þinn nemendahóp og hugleiddu hvort einhver þemu henti þeim sérstaklega vel, eða séu líkleg til að verða þeim erfið.

Eftirfylgni

Gefðu þér nægan tíma með nemendum og vertu vakandi fyrir hugsanlegri þörf á eftirfylgni. Sjáðu til þess að vera til staðar ef nemendur hafa þörf fyrir að spyrja spurninga eða ræða málin eftir að kennslu lýkur.

Leitaðu gjarnan ráða hjá skólahjúkrunarfræðingi eða öðru fagfólki áður en þú byrjar að kenna efnið og sjáðu til þess að nemendur viti hvar og hvenær þeir geta rætt við skólahjúkrunarfræðing eða annað aðgengilegt fagfólk.

Upplýsingar til aðstandenda

Það er gott að upplýsa aðstandendur um efnið sem verið er að fjalla um í bekknum. Sjá upplýsingar fyrir aðstandendur um vefinn „*Ég veit*“:

Hefur þú áhyggjur af barni?

Ef þú hefur áhyggjur af barni þá getur þú aflað þér meiri upplýsinga með því að lesa hvað hægt er að gera hér.

Skólinn er skyldugur til að fylgjast með nemendum og grípa inn í þegar brotið er á nemendum, til dæmis með einelti, ofbeldi, mismunun eða áreitni. Ef skólinn hefur gert allt sem hægt er að gera innan skólans getur hann leitað til Landsteymis sem starfar á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis. Landsteymið byggir á grunni farsældarlaga og þeirri sýn að kerfin eigi að sameinast um að barn fái þann stuðning sem þarf hverju sinni. Hvatt skal til og veittur stuðningur til þess að mál barns sé unnið á grundvelli þeirra laga og þjónusta sé samþætt þvert á kerfi.

Um kennsluferlið:

Ítarefni

Í þessum hluta er ítarefni sem gefur nemendum tækifæri til að afla sér meiri upplýsinga og öðlast dýpri skilning á efninu.

- Öruggt skólaumhverfi
- Hvað er einelti
- Að fá hjálp
- Að dimmitera

Lærum meira

- Hvað er einelti?
- Réttur þinn til að líða vel
- Að fá hjálp vegna eineltis.
- Óumbeðnar myndasendingar.
- Um nemendaráð
- Hvað er gott að hafa í huga í dimmiteringum.

Samantekt í bekknum – góð ráð

Þegar bekkurinn hefur lokið við efni kaflans getur verið gott að líta til baka og íhuga efnið sameiginlega. Hér er tilvalið að rifja upp efnið, ræða um verkefnin og spyrja nemendur hvernig þeim fannst að vinna með efnið. Hlustaðu vel á það sem þeir segja.

Í slíkri samantekt gæti líka verið gott að minna nemendur á að þú sért til staðar ef einhver vill ræða eitthvað eftir kennslustundina. Minntu einnig á aðra sem þeir geta talað við, eins og hjúkrunarfræðing skólans, félagsráðgjafa, aðra kennara, Neyðarlínuna (112) og Hjálparsíma Rauða krossins (1717).